4. Tímaorðið (GGgHR) skal aðeins notað, þegar það á við. Það fer eftir því hvaða breytingaorð TTTTT er notað, hvort tímaorðið gefur til kynna tíman á breytingunni eða byrjun þess tímabils, þegar búist er við, að breytingin gerist.
5. Á eftir skeytaorðinu (-orðunum) TTTT (GGgHR) skal aðeins það skeytaorð notað, sem tilgreinir breytinguna, sem búist er við.

Dæmi: Kl. 1650 er gert METAR-skeyti. Gert er ráð fyrir breytingu, sem byrjar smám saman kl. 1730. Skeytaorðin verða:

GRADU 1730 HR. -----

Skeytaorðið dddff/f_mf_m

ddd: Vindátt eins og henni er spáð. Áttir eru réttvísandi og með tíugráðu nákvæmni.

ff: Vindhraði í hnútum.

/f_mf_m: Hámarksvindhraði í hnútum.

1. Breytingum í yfirborðsvindi skal spáð:

- a. Þegar breytingin á meðalvindátt er 30 gráður eða meira og meðalvindhraði fyrir og/eða eftir breytinguna er 20 hnútar eða meira.

- b. Þegar breytingin í meðalvindhraða er 10 hnútar eða meiri og meðalvindhraðinn fyrir og/eða eftir breytinguna er 30 hnútar eða meiri.

Dæmi: Í METAR-skeyti er tilgreint: Vindur 220 gráður, 15 hnútar. Gert er ráð fyrir skammtíma breytingum í 250 gráður, 20 hnútar og í skúrum eða éljum 35 hnútar.

Skammtímaspá: TEMPO 25020/35

Dæmi: Í METAR-skeyti er vindurinn 280 gráður, 30 hnútar. Gert er ráð fyrir breytingu smám saman í 280 gráður, 20 hnútar.

Skammtímaspá: GRADU 28020

Dæmi: Gert er ráð fyrir yfirborðsvindi 250 gráður, 35 hnútar með hámarksvindi (gusts) 50 hnútum.

Skammtímaspá: INTER 25035/50 (METAR), eða stytta í mæltu máli:

INTER 250/35 MAX 50

Skeytaorðið VVVV

VVVV: Lárétta skyggnið við jörð er tilgreint í 100 metra þrepum upp í 5 km, í 1000 metra þrepum upp í 9 km. 9999 tilgreinir 10 km skyggni og betra.

1. Þegar gert er ráð fyrir að skyggnið fari upp fyrir eða niður fyrir eftirfarandi gildi skal breytingum spáð: 200, 400, 600, 800, 1500, 3000, 5000 eða 8000 metrar.

Dæmi:

<u>Breyting úr</u>	<u>í</u>	<u>skammtímaspá</u>
a. 1000 m	700 m	Breytingaorð skal sendast, þar sem skyggnið fer niður fyrir markgildi.
b. 1000 m	800 m	Breytingaorð sendist ekki, þar eð ekki er gert ráð fyrir, að skyggnið fari niður fyrir markgildið.
c. 800 m	700 m	Breytingaorð skal sendast þar eð gert er ráð fyrir, að skyggnið fari niður fyrir markgildið.

Dæmi:

Fari skyggnið um stund niður í 750 m í þoku, þá skal lækka gildið í 700 m og tilgreina það þannig:

"TEMPO 0700" (í METAR-skammtímaspá) eða stytta í mæltu máli:
"TEMPO VIS 700 m".

Skeytaorðið W'W'

W'W': Spáð marktækt (significant) veður. Eftirfarandi er úrtak úr METAR-skeytalyklinum, sjá töflu 1. Skulu þau höfð til hliðsjónar við gerð skammtíma spár.

1. Þegar búist er við að eftirfarandi veðrabrigði byrji skal breytingin tilgreind þannig:

<u>Veður</u>	<u>Skeytaorð</u>
Drumuveður	99XXTSGR, 98TSSA, 97XXTS, 96TSGR, 95TS, 17TS
Haglél (miðlungs eða mikið)	90XXGR, 89GR, 88GR
Snjóél (miðlungs eða mikið)	86XXSNSH
Slydduél (miðlungs eða mikið)	84XXRASN
Skúrir (miðlungs eða miklar)	82XXSH, 81XXSH
Ískorn	79PE
Kornsnjór	77SG
Snjókoma (miðlungs eða mikil)	75XXSN, 74XXSN, 73SN, 72SN
Slydda (miðlungs eða mikil)	69XXRASN
Frostregn	67XXFZRA, 66FZRA
Rigning (miðlungs eða mikil)	65XXRA, 64XXRA, 63RA, 62RA, 59RA
Frostsúld	57XXFZDZ, 56FZDZ

2. Þegar gert er ráð fyrir að þrumuveður eða frostúrcoma stytta upp eða hætti á skammtíma spátímabilinu, skal nota skammstöfunina WXNIL, hvort sem búist er við öðru veðrabrigði eða ekki á eftir.

3. Þegar gert er ráð fyrir breytingu í heiðskíran himin skal nota skammstöfunina SKC í staðinn fyrir $N_s CCh_s h_s h_s$ (sjá nánar eftirfarandi).

Dæmi: Frostregn með uppstyttnum skal tilgreint í skammtíma spá þannig: INTER 66FZRA (METAR-skeytalykill) eða stytt í mæltu máli: INTER FZRA. Þegar gert er ráð fyrir, að þessi veðrabrigði endi þá skal það tilgreint með "WXNIL".

Dæmi: Gert er ráð fyrir að veðrabrigði hætti skyndilega kl. 1630, t.d. þrumuveður o.s.frv. Þetta skal tilgreint í skammtíma spá þannig: "RAPID 1630HR WX NIL" (METAR) eða "RAPID 1630 WX NIL". Mælt mál (stytt).

Skeytaorðið $N_s CCh_s h_s h_s$

N_s : Skýjahula (skýjamagn) sérhvers skýjalags, sem tilgreint er með CC.

CC: Aðalskýjategundin, sem er tilgreind með hæðinni $h_s h_s h_s$. Skýjategund er tilgreind með tveim bókstöfum. Skýjategundin skal tilgreind samkvæmt töflu 3, sem er byggð á alþjóðlegu skýjabókinni (International Cloud-Atlas).

$h_s h_s h_s$: Hæðin upp að neðra borði skýjalagsins, sem er tilgreind með CC.
Með $h_s h_s h_s$ er átt við hæð frá yfirborði jarðar. Á flugvöllum er hæð vallarins (Official aerodrome elevation) talin vera hæð yfirborðs jarðar.

Um skeytaorðið $h_s h_s h_s$ í skammtíma spám (Trend-type) gilda sömu reglur og gefnar eru í METAR-leiðbeiningunum.
($N_s CCh_s h_s h_s = 9//h_s h_s h_s$ þýðir að gert er ráð fyrir að ekki sjáist til loftis; SKC þýðir heiðskírt o.s.frv.)
Tafla 4 gildir í skammtíma spám eins og METAR-skeytum.

1. Þegar neðra borð skýjahulu, sem þekur meira en helming himinsins (er a.m.k. 5/8) er lægri en, eða gert er ráð að skýjahulan fari niður fyrir 1500 fet (450 m) skal það tilgreint í skammtíma spánni. Marktæk gildi, sem hafa skal í huga, þegar búist er við, að skýjahula (5/8 eða meiri) fari niður fyrir eða upp fyrir á tímabilinu, sem skammtíma spáin spannar (2 klst. frá athugunartíma) eru þessi:
100, 200, 300, 500, 1000 og 1500 fet (30, 60, 90, 150, 300 og 450 m)

Sérstaklega skal tekið fram, að fyrir Keflavíkflugvöll eru þessi gildi: 100, 200, 300, 500, 700, 1000, 1500 og 3000 fet.

Dæmi: Á flugvelli er gert ráð fyrir, að skýjahula aukist úr 4/8 eða minna í 8/8 ST í 1000 feta hæð. Skammtíma spá verður þá TEND 8 STO10

2. Röð veðurbáttanna, skammstafanir, mælieiningar o.s.frv. í skammtíma-spánum skulu vera þær sömu og notaðar eru í veðurskeytinu, sem skammtíma spáin fylgir.

Dæmi: Markgildi 500 fet (150 m)

<u>Breyting úr</u>	<u>í</u>	<u>breytingaorð</u>
a. 600 fet (180 m)	400 fet (120 m)	Senda skal breytingaorð, þar eð gert er ráð fyrir að skýjahæðin fari niður fyrir markgildið 500 fet (150 m).
b. 600 fet (180 m)	500 fet (150 m)	<u>Ekki</u> skal senda breytingaorð, þar eð ekki er búist við því, að skýjahæð fari niður fyrir 500 fet.
c. 500 fet (150 m)	400 fet (120 m)	Breytingaorð skal sent, þar eð búist er við, að skýjahæð fari niður fyrir 500 fet (150 m).
d. 400 fet (120 m)	600 fet (180 m)	Breytingaorð skal sent, þar eð búist er við, að skýjahæð fari upp fyrir 500 fet (150 m).
e. 400 fet (120 m)	500 fet (150 m)	Breytingaorð skal sent, þar eð gert er ráð fyrir, að skýjahæð nái markgildinu 500 fet.
f. 500 fet (150 m)	600 fet (180 m)	Breytingaorð skal <u>ekki</u> sent þar eð <u>ekki</u> er búist við, að skýjahæð fari upp fyrir næsta markgildi.

Dæmi: Gert er ráð fyrir að skýjahulan muni aukast smám saman úr 2/8 í 6/8. Búist er við að skýjahæð verði sú sama 800 fet (240 m) og skýjategundin sé þoku-ský (ST).
Breytingaorð skal senda þannig: GRADU 6STO08

Dæmi: Á flugvelli er veðrið kl. 0550 þannig: Skyggni 900 m í þokubökkum og engin ský á himni. Til kl. 0630 er gert ráð fyrir versnandi skyggni í 500 m í þoku og lóðréttu skyggni 200 fetum (60 m). Eftir kl. 0730 er búist við batnandi veðri og kl. 0750 er gert ráð fyrir CAVOK.
Breytingaorð: GRADU 0500 9/002 =

Dæmi: Á flugvelli er veðrið kl. 0750 þannig:
Skyggni 4000 m í þokumóðu og 8/8 þokuský (ST) í
500 feta hæð (150 m). Gert er ráð fyrir batnandi
veðri til kl. 0950. Skyggnið verði þá 8000 m og
skýjahulan 3/8 ST og óbreytt skýjahæð.
Breytingaorð: TEND eða TEMPO 8000 3ST005

Skeytaorðið CAVOK

1. Skeytaorðið CAVOK skal nota í staðinn fyrir orðin VVVV, $R_V R_V R_V R_V / D_D$, $W'W'$ og $NCCh_h_h_s_s$, þegar búist er við eftirfarandi veðri:
 - a. Skyggni 10 km eða betra.
 - b. Engin ský fyrir neðan 5000 fet (1500 m) eða undir hæstu lágmarksflughæð á svæði allt að 25 sjómílum frá radiovitum eða stefnuvitum viðkomandi flugvallar (the highest minimum sector altitude). Sjá skýringu á the highest minimum sector altitude í leiðbeiningum um METAR-skeyti.
Engin skúra- eða éljaský (CB) eru á himni.
 - c. Engin úrkoma, þrumuveður, lágþoka eða skafrenningur (lágur).
2. Sjáið skýringar á CAVOK í leiðbeiningum um METAR-skeyti.

Skeytaorðið NOSIG

Skeytaorðið NOSIG skal nota, þegar gert er ráð fyrir því, að enginn þáttur veðursins, vindur, skyggni, veður, skýjahula eða skýjahæð, breytist þannig að nota þurfi breytingaorð.

Sjá leiðbeiningar um markgildi á skyggni, skýjahulu og skýjahæð.

VIÐBÓT

Skeytalykill viðvirkjandi flugbrautarskilyrðum á sumum flugvöllum.

Frá nokkrum flugvöllum eru sendar upplýsingar um flugbrautarskilyrði, þegar brautirnar eru þaktar af snjó, krappa, ís, vatni eða snjósköflum.

Upplýsingunum er raðað í sexstafa steytaorð, sem er sett síðast í METAR-skeytið.

Ef "setlagið" er horfið skal senda 6 skástrik (//////) í eitt skipti í stað sexstafa skeytaorðsins. Þetta þýðir, að flugbrautarskilyrðin eru orðin eðlileg, og ekki er von á fleiri sendingum skeytaorða um flugbrautarskilyrði fyrr en, snjócoma, ísing o.s.frv. hefur aftur sest eða myndast á flugbrautunum.

Skeytaorðið $D_R D_R E_R e_R e_R B_R$

$D_R D_R$: Númerið á flugbrautinni (sem er í notkun).

E_R : "Setlagið" á flugbrautinni (snjór, ís, krapi, vatn, skaflar).

$e_R e_R$: Dýpt eða þykkt "setlaginu".

B_R : Bremsuskilyrði.

Númer lendingarbrautar ($D_R D_R$)

Númerið á lendingarbrautinni er gefið með tveim tölustöfum, t.d. 06, 12, 27 o.s.frv. Þar sem samsíða flugbrautir eru, er "vinstri" brautin merkt samkvæmt ofanrituðu. Til að tilgreina "hægri" brautina er 50 bætt við númer brautarinnar. Braut 08L verður þannig

08 og braut 08R tilgreinist sem 58 þegar átt er við "allar brautir" er talan 88 notuð.

Í undantekningum er talan 99 notuð í stað númers brautarinnar. Þetta þýðir, að engar nýjar upplýsingar eru til staðar, og þar með að síðasta athugun, sem send var, er endurtekin.

Upplýsingarnar í skeytaorðinu eiga við aðalbraut eða viðkomandi flugbrautir.

"Setlagið" á lendingarbrautinni (E_R)

Þessi stafur gefur upplýsingar um visst ástand brautarinnar, samkvæmt eftirfarandi.

- 0 Blaut (þýðir líka, að vatnspollar geta verið á brautinni)
- 1 Hrím (þykktin venjulega minni en 1 mm)
- 2 Þurr snjór (í flekkum eða að hluta ruddur)
- 3 Þurr snjór (þekur alla brautina)
- 4 Blautur snjór eða krapi (í flekkum eða að hluta ruddur)
- 5 Blautur snjór eða krapi (þekur alla brautina)
- 6 Ís (í flekkum eða að hluta ruddur)
- 7 Ís (þekur alla brautina)
- 8 Þéttur og fastur snjór (jafnt um alla braut)
- 9 Frosin hjólför eða ruðningar (á brautinni)

Þykkt "setlagsins" ($e_R e_R$)

Þykkt "setlagsins" á brautinni er gefin með tveim tölustöfum, annað hvort í mm eða sm samkvæmt eftirfarandi

00	minna en 1 mm	Þá er notuð eftirfarandi tafla	
01	1 mm	92	10 sm
02	2 mm	93	15 sm
03	3 mm	94	20 sm
	o.s.frv.	95	25 sm
10	10 mm	96	30 sm
		97	35 sm
15	15 mm	98	40 sm eða meir
20	20 mm	99	Þýðir, að flugbrautin er lokuð vegna snjóá, kraps, íss eða skafla.
	o.s.frv.		Dýptin ekki tilgreind.
90	90 mm		

1. Athugasemd: Ekki þarf nauðsynlega að tilgreina dýptina nákvæmlega í mm. Þegar gerðar eru mælingar á fleiri en einum stað skal nota meðaltal. Ef dýptin er talin geta haft veruleg áhrif á flugför í landingu eða flugtaki skal gefa mestu dýptina (snjó dýptina).
2. Athugasemd: Skeytastafurinn 91 er ekki notaður. Skeytastafirnin 92 og 98 eru þannig skilgreindir, að hægt er að lesa dýptina beint úr skeytaorðinu með því að margfalda síðari tölustafinn með 5 (t.d. 94 = 4 x 5 = 20 sm).

Bremsuskilyrði (B_R)

Bremsuskilyrðin eru tilgreind með tölunum 1 til 5 samkvæmt eftirfarandi:

- 5 Góð
- 4 Sæmileg - góð
- 3 Sæmileg
- 2 Sæmileg - léleg
- 1 Léleg - engin

1. Athugasemd: Meðalgildi bremsuskilyrðanna gildir fyrir alla brautina. Ef bremsuskilyrðin eru talin vera þýðingarmikil fyrir flug, þá er lægsta gildið tilgreint.
2. Athugasemd: Þegar ekki hefur verið hægt að meta bremsuskilyrðin vegna þess, að brautin hefur verið lokuð, þá er B_R tilgreint með skástriki (/).

Dæmi um notkun skeytaorðsins

Skeytaorðið $D_R D_R E_R e_R e_R B_R$: 013204 þýðir:

Braut 01 þakin þurrum snjó - snjó dýpt 20 mm. Bremsukilyrði sæmileg - góð.

Í vissum tilvikum, þegar "setlagið" á brautinni er krapa eða grunnt lag af blatum snjó geta mæld gildi á bremsuskilyrðunum verið villandi. Þegar þunnt lag af þurrum snjó hylur alla brautina geta metin gildi á bremsuskilyrðum orðið of há og villandi. Í slíkum tilvikum er tölustafurinn "9" notaður.

Tölustafurinn "9" þýðir þá: Ekki er hægt að meta bremsuskilyrðin.

Á öllum helstu flugvöllum landsins er ástand flugbrauta metið samkvæmt sérstökum ICAO leiðarvísi vegna sendingar SNOWTAM skeyta. Þá er brautinni skipt í þrjá hluta, A, B og C. A-hlutinn er ætíð sá þriðjungur brautarinnar, sem hefur lægri stefnutölu. Í leiðbeiningum fyrir landingu eru bremsuskilyrði o.fl. gefin fyrir hvern hluta sem fyrsta, annan og þriðja hluta, séð úr aðflugsstefnu.

Til að mæla dýpt snjós, kraps eða stöðugs vatns er notaður kvarði í millimetrum og sentimetrum. Mælt er á nokkrum stöðum og reiknað út meðaltal hvers þriðjungs brautar.

Skilgreiningar:

Þurr snjór: Snjór sem fýkur, ef blásir er í hann eða dettur í sundur aftur ef kreistur er í hendi; Eðlisþyngd minni en 0,35.

Blautur snjór: Snjór sem helst saman ef kreistur er í hendi; Eðlisþyngd 0,35 og allt að 0,5.

Þéttur og fastur snjór: Snjór sem hefur þjappast þannig að haldist saman eða að brotni í klumpa ef hann er tekinn upp; Eðlisþyngd meiri en 0,5.

Krapi: Gegnblautur snjór sem slettist undan fæti, ef stappað er á hann; Eðlisþyngd 0,5 og allt að 0,8.

Athugasemd:

Þegar úrkoma er regn, slydda eða snjór, sem blandast ís eða snjó og vatni getur myndast setlag með eðlisþyngd meiri en 0,8. Vegna hins mikla vatnsmagns verður blandan glærari en krapi, sem er frekar mjólkurlitaður.

Bremsuskilyrði eru mæld með "MU-mæli" eða "Tapley-mæli". Mælt er 5 - 10 m sitt hvoru megin við miðlínu brautar. Reiknað er út meðaltal fyrir hvern þriðjung brautar.

Aðvörun:

Mæling eða mat bremsuskilyrða er aðeins ætlað að vera til leiðbeiningar og ætti að nota með mikilli aðgát. Það ætti t.d. ekki að nota þær beint til nákvæmra útreikninga og leiðréttinga á lengdarþörf vegna flugtaks eða landingar. Slíkt mat ætti a.m.k. einnig að taka tillit til annarra mikilvægra þátta, svo sem tegundar og magns setlags, hliðarvinds, stjórnhæfni eða takmarkana loftfars. Engin örugg aðferð er þekkt til að áætla viðnám setlags (t.d. krapa).

RCR og "aukið brun" eru bandarískir kvarðir, sem ekki eru notaðir hér á landi.

Frá Keflavík kemur því stundum á eftir METAR-skeyti skeytaorð, sem getur litið þannig út:

260800
METAR
BIKF 03005 9999 5SCO40 M01/M02 988NOSIG
BA RWY 12 40/40/35 =

260900
METAR
BIKF 05002 9999 /CU025 8AS070 O//// 9999 NOSIG
BA RWY 03 02/31/31

Þarna eru bremsuskilyrði á braut 12 kl. 0800 Góð/Góð/Sæmileg - góð, en kl. 0900 eru brautarskilyrðin á braut 03 Léleg/Sæmileg/Sæmileg.

RCR: Mæling eða mat á brautarskilyrðum.

Hér fara á eftir töflur um gildi Mu-mælinga og annarra gilda.

<u>Mældur eða reiknaður stuðull</u>	<u>Br</u>	(Runaway condition reading) <u>RCR-stuðull</u>
0.40 og hærra	5	23
0,39 - 0,36	4	19
0,35 - 0,30	3	12
0,29 - 0,26	2	9
0,25 og lægri	1	5

<u>Mu-mælir</u>	<u>RCR</u>	<u>Aukið brun</u>	<u>B/A</u>	<u>Br</u>
0,40	23	10%	Góð	5
0,36 - 0,39	19	15%	Sæmileg/góð	4
0,30 - 0,35	12	46%	Sæmileg	3
0,26 - 0,29	9	75%	Sæmileg/lélg	2
0,25	5	100%	Léleg	1

S P E C I - SÉRSTÖK FLUGVALLAVEÐURSKEYTI
(VEÐURBRIGÐASKEYTI)

(Aviation selected special weather report)

SPECI { CCCC GGgg dddff/f_mf_m
VVVV RV_RV_RV_RV_R/D_RD_R W'W' N_SCC_Sh_Sh_S
eða
CAVOK
(Auka upplýsingar)

{ (TTTTT GGggHR dddff/f _m f _m eða NOSIG)	{ VVVV W'W' N _S CC _S h _S h _S eða CAVOK
--	--

Almennt

1. SPECI er skeytaorð, sem þýðir, að skeytið inniheldur sérstakar upplýsingar um veður fyrir flug.
2. Sjá enn fremur athugasemdir 2. og 3. í leiðbeiningum um METAR-skeyti.
3. Markgildi (Criteria), sem gilda um útgáfu og útsendingu SPECI-skeyta, eru gefin í WMO-bókinni nr. 49 "Technical Regulations", kafli C.3.1.

REGLUR

Almennt

1. Skeytaorðið SPECI skal notað í upphafi hvers veðurbrigðaskeytis. Ef viðkomandi yfirvöld ákveða svo, má nota SPECI í upphafi safns SPECI-skeyta.
2. Stjórn Veðurstofu skal í samráði við viðkomandi flugmála-
stjórn, flugfélög og aðra gera lista yfir markgildi
(criteria) fyrir sérstök flugvallaveðurskeyti. Listinn
skal innihalda eftirfarandi skilyrði:
 - a. Markgildi, sem eru í mestu samræmi við lágmarksgildi
flugfélaga, er nota viðkomandi flugvöll(velli).
 - b. Sem fullnægja öðrum kröfum, sem flugstjórnarþjónusta og
flugfélög gera.
 - c. Markgildi (criteria), sem gilda um gerð sérstakra flug-
vallaveðurskeyta.

Athugasemd: Sérstakt flugvallarveðurskeyti er veðurskeyti, sem
gert skal samkvæmt markgildum í kafla (C.3.1) 4.3.3
í Technical Regulations (WMO Nr. 49), og er gert fyrst
og fremst til útsendingar frá flugvellinum.

Sérstök flugvallaveðurskeyti eru gerð til notkunar á flug-
vellinum. Þau eru gerð sem sérstök skeyti handa flug-
stjórn flugvallarins og skulu send strax og veðrabrigðið
er athugað. Með samkomulagi milli stjórnar veðurstofu
og viðkomandi flugstjórnar má sleppa þeim ef:

- a. Starfsmenn flugumferðastjórnar hafa aðgang að sömu tækjum
og starfsmenn veðurstofu, og þar sem ráðstafanir hafa
verið gerðar til þess að hægt sé að nota þessi mælitæki
fyrir athuganir handa flugmönnum við flugtök og lendingar.
 - b. Brautarskyggni, þar sem allar breytingar, sem nema einu
eða fleiri þrepum í stiganum eru tiltækar fyrir flugum-
ferðastjóra.
3. Sérstök flugvallaveðurskeyti skulu einnig vera tiltæk
fyrir vissa starfsmenn flugfélaga og aðra aðilja á flug-
vellinum.
 4. Þegar einn þáttur veðursins versnar, en annar batnar
(t.d. skýjahæð minnkar en skyggni batnar) skal aðeins senda
eitt SPECI-skeyti, þetta skal tilgreint sem versnandi veður-
skilyrði.

5. Sérstakt flugvallaveðurskeyti (SPECI), sem gefur til kynna versnandi veður skal sendast þegar í stað til viðkomandi aðila.

Sérstakt flugvallaveðurskeyti (SPECI), sem tilgreinir batnandi veður, skal sendast, þegar að batinn hefur varað í 10 mínútur. Breyta skal því skeyti í samræmi við þær breytingar, sem kynnu að hafa orðið á þessum 10 mínútum og tilgreina þá veðurskilyrðin eins og þau eru í lok 10 mínútna tímabilsins.

Sérstakt flugvallarveðurskeyti (SPECI), sem tilgreinir, að einn þáttur veðursins versnar en annar batnar, skal sendast strax.

Skeytaorðið CCCC

Alþjóðlegir einkennisbókstafir flugvallarins samkvæmt ICAO-bókinni "Location indicators" (Doc. 7910).

Skeytaorðið GGgg

Þetta skeytaorð gefur tímann (í klst. og mín.), þegar veðrabrigðin urðu, sem orsökunni tilurð skeytisins.

Skeytaorðið dddff/f_mf_m

1. Reglurnar í METAR-leiðbeiningunum um vindátt, vindhraða og hámarksvind gilda.
2. SPECI-skeyti skal senda, þegar einhverju af eftirfarandi markgildum er fullnægt.
 - a. Þegar meðalvindátt breytist um 30 gráður eða meira, frá því að síðasta athugun var gerð; ef meðalvindhraðinn fyrir og/eða eftir breytinguna er 20 hnútar eða meiri.
 - b. Þegar meðalvindhraðinn hefur breyst um 10 hnúta eða meira frá síðustu athugun, ef meðalvindhraðinn fyrir og/eða eftir breytinguna er 30 hnútar eða meiri.
 - c. Þegar breytingar frá meðalvindhraða (hámarksvindhraðinn) hefur aukist um 10 hnúta eða meira frá því, sem tilgreint var í síðustu athugun, og meðalvindhraðinn fyrir og/eða eftir breytinguna er 15 hnútar eða meiri.

Dæmi: Meðalvindurinn breytist úr 270 gráður 16 hnútar í 310 gráður 21 hnút. SPECI-skeyti skal sent og skeytaorðið verður: 31021.

Dæmi: Meðalvindurinn breytist úr 290 gráður 30 hnútar í 290 gráður 20 hnútar. SPECI-skeyti skal sent og skeytaorðið verður: 29020.

Dæmi: Vindurinn breytist úr 30 gráður 15 hnútar með hámarksvindi 25 hnútar í 50 gráður 18 hnútar með hámarksvindi 36 hnútar. SPECI-skeyti skal senda og skeytaorðið verður: 05018/36.

Skeytaorðið VVVV

1. Reglurnar um METAR-skeyti (sjá kaflan um VVVV) gilda.
2. SPECI-skeyti skal sent ef einhverju af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt.

Þegar skyggnið fer upp fyrir eða niður fyrir

- 1) 800 eða 1500 m. Sleppa má þessum athugunum ef brautarskyggnið er mælt og tilgreint með þar til gerðum skygnismælum.
- 2) Skyggnið fer upp fyrir eða niður fyrir 5000 eða 8000 m.

Dæmi: Markgildi 5000 m

<u>Breyting úr</u>	<u>í</u>	<u>SPECI</u>
a. 6000 m	4000 m	SPECI skal sent þar eð skyggnið fer niður fyrir markgildið 5000 m
b. 6000 m	5000 m	SPECI skal <u>ekki</u> sent, þar eð skyggnið <u>fer ekki</u> niður fyrir markgildið
c. 5000 m	4000 m	SPECI skal sent
d. 4000 m	6000 m	SPECI skal sent
e. 4000 m	5000 m	SPECI skal sent, þar eð skyggnið fer upp í markgildið
f. 5000 m	6000 m	<u>Ekki</u> skal senda SPECI

Skeytaorðið RV_RV_RV_RV_R/D_RD_R

1. Reglurnar í METAR-leiðbeiningunum gilda hér.
2. Senda skal SPECI-skeyti, þegar brautarskyggnið fer niður fyrir eða upp fyrir markgildin 200, 400 eða 800 m.

Dæmi: Markgildi 800 m

<u>Breyting úr</u>	<u>í</u>	<u>SPECI</u>
a. 900 m	700 m	SPECI skal sent, þar eð skyggnið fer niður fyrir 800 m
b. 900 m	800 m	SPECI sendist <u>ekki</u>
c. 800 m	700 m	SPECI skal sent
d. 700 m	900 m	SPECI skal sent
e. 700 m	800 m	SPECI skal sent
f. 800 m	900 m	SPECI sendist ekki

Dæmi: Á Keflavíkurflugvelli er skyggnið metið 300 m en brautarskyggni mælist 700 m á braut 12. Þá verður skeytaorðið í METAR kl. 0515

SPECI
BIKF 0515 0000 0300 R0700/12 o.s.frv.

Skeytaorðið W'W'

1. Reglurnar um veður í METAR-leiðbeiningunum gilda hér.
2. Senda skal SPECI-skeyti, þegar þrumuveður, hagl, slydda, frostregn, frostúði, skafrenningur, moldbylur, sandbylur, vindrokur (squall) eða skýstrokkur (vatnsstrókur) byrja eða enda eða breytast að magni eða styrkleika.

Þetta þýðir að senda skal SPECI-skeyti, þegar eftirfarandi veður byrjar eða endar:

Veður

Skeytaorð

Þrumuveður

99XXTSGR, 98TSSA, 97XXTS, 96TSGR,
95TS, 94XXGR, 93GR og 17TS

Haglél

90XXGR og 89GR

<u>Veður</u>	<u>Skeytaorð</u>
Slydda og slydduél	84XXRASN, 83RASN, 69XXRASN og 68RASN
Frostregn	67XXFZRA og 66FZRA
Frostúði	57XXFZDZ og 56FZDZ
Skafrenningur	39BLSN, 38BLSN, 37DRSN og 36DRSN
Sand- og moldbylur	35XXSA, 34XXSA, 33XXSA, 32SA, 31SA og 30SA
Skýstrokkur eða vatnsstrókur	19FC
Vindrokur	18SQ

Athugasemd: Þegar styrkleiki veðursins breytist þannig að nota verður hærri tölu í skeytaorðinu til þess að lýsa því (t.d. 68RASN breytist í 69XXRASN) skal senda SPECI-skeyti þegar í stað. Breytist styrkleikinn þannig, að lægri tölustafir eru notaðir (t.d. 37DRSN breytist í 36DRSN) skal ekki senda SPECI-skeytið fyrir en eftir 10 mínútur. (Sem sagt bíða og sjá, hvort batinn í veðrinu er varanlegur í a.m.k. 10 mínútur.)

Dæmi: Á flugvelli er þokumóða (W'W' = 10BR) með lágum þokuskýjum (ST). Lítils háttar frostúði byrjar að falla til jarðar, án þess að skýjahæð eða skyggni breytist verulega. Senda skal SPECI-skeyti strax og tilgreina W'W': 56FZDZ.

Dæmi: Lítils háttar slydda (W'W' : 68RASN) breytist í lítils háttar rigningu. Senda skal SPECI-skeyti eftir 10 mínútur, ef regnið heldur áfram og þá verður W'W': 61RA.

Skeytaorðið N_SCCh_Sh_Sh_S

1. Reglurnar í METAR-leiðbeiningunum gilda hér.
2. SPECI-skeyti skal sent ef skýjahæðin að neðra borði skýjalagsins, sem þekur meir en helming himins (5/8 eða meira) fer upp fyrir eða niður fyrir eftirfarandi markgildi: 200, 500 eða 1000 fet (60, 150 eða 300 m).

Dæmi: Markgildi 500 fet

<u>Breyting úr</u>	<u>í</u>	<u>SPECI</u>
a. 600 fet (180 m)	400 fet (120 m)	Senda skal SPECI, þar eð skýjahæðin fer niður fyrir markgildið 500 fet
b. 600 fet (180 m)	500 fet (150 m)	Ekki skal senda SPECI-skeyti
c. 500 fet (150 m)	400 fet (120 m)	SPECI-skeyti skal sent
d. 400 fet (120 m)	600 fet (180 m)	SPECI-skeyti skal sent
e. 400 fet (120 m)	500 fet (150 m)	SPECI-skeyti skal sent
f. 500 fet (150 m)	600 fet (180 m)	Ekki skal senda SPECI-skeyti

Dæmi: Á flugvelli minnkar skýjahulan úr 5/8 í 3/8. Skýjahæð er óbreytt 600 fet (180 m). Engin önnur ský eru sjáanleg. Senda skal SPECI-skeyti. Senda skal SPECI-skeyti, þar eð skýjahulan er nú minni en 5/8 hlutar.

Skeytaorðið CAVOK

1. Reglurnar um notkun CAVOK í METAR-leiðbeiningunum gilda.

Aukaupplýsingar

1. Reglurnar í METAR-leiðbeiningunum gilda.

Skammtíma spár (TREND-type)

1. Reglurnar í METAR-leiðbeiningunum gilda.

Athugasemd: Hér á landi eru skammtíma spár (TREND-type ekki sendar út með SPECI-skeytum.

Skammstafanir og hugtök, sem notuð eru

í METAR- og SPECI-skeytum

A

Ac Netjuský
ARP Viðmiðunarpunktur flugvallar
AS Gráblíka

B

BCFG Þokubakkar
BLSN Skafrenningur (hár)
BR Þokumóða

C

C Central (miðja) notað þegar brautarskyggni er gefið á fleiri en einni samsíða flugbraut
CAVOK Skyggni, ský, skýjahæð og ríkjandi veður fyrir ofan, þar til ákveðin markgildi ("skýjahæð og skyggni O.K.")
CB Skúra- eða éljaklakkar
CC Maríutása
CC Skýjategund í METAR-skeyti
CI Klósigar
COR Þýðir að leiðrétting fer á eftir í skeytasendingu
CS Blika
CU Bólstraský

D

DEG Gráður
DNEB Verið er að eyða þoku á flugvelli

DRSN	Skafrenningur (lágt)
DZ	Súld, úði
E	
E	Austur eða austlægur
ENE	Austnorðaustur
ESE	Austsuðaustur
EST	Áætlaður, metinn
F	
FC	Skýstrokkur, vatnsstrókur
FG	Þoka
FU	Reykur
FZ	Frostúrkoma (regn eða súld)
FZDZ	Frostsúld (úði)
FZFG	Hrímpoka
FZRA	Frostregn
G	
GMT	Greenwich meðaltími. Miðtími miðað við 0 ^o lengdar- bauginn
GR	Hagl (í öllum myndum)
GRADU	Smám saman (um breytingar)
H	
HR	Tími, klst. (einkennisstafir fyrir tímasetningu)
HZ	Þurrmistur
I	
INTER	Með uppstyttum; af og til, öðru hverju

K

KM Kílómetri

L

L Vinstri (notað, þegar brautarskyggni er gefið á fleiri en einni samsíða flugbraut)

LOC Staðbundið

LTD Takmarkað; afmarkað

M

M Metri

M Mínus (notað í METAR-skeyti)

METAR Reglubundin veðurskeyti fyrir flugumferð

MIFG Lágþoka

MM Minna en (notað þegar brautarskyggni er tilgreint)

N

N Norður

NE Norðaustur

NIL Enginn, ekkert eða engar upplýsingar

NNE Norðnorðaustur

NNW Norðnorðvestur

NOSIG Engin marktæk breyting (notað í skammtíma spám)

NS Úrkomuþykkni

NW Norðvestur

P

P Meira en (notað, þegar brautarskyggni er tilgreint)

PE Ískorn

PO Rykstrókar, sandstrókar

Q

QNH Hæðarmælasetning í heilum millibörum (aukastaf sleppt)

R

R	Brautarskyggni (einkennisstafur)
R	Hægri (notað, þegar brautarskyggni er tilgreint á fleiri en einni samsíða flugbraut)
RA	Regn, rigning
RAPID	Fljótt, fljótlega
RASH	Skúraveður
RASN	Slydda eða slydduél
RE	Á síðustu klukkustund (notað við að lýsa vissa þætti veðursins, t.d. regn á síðustu klst. = RERA)
RTD	Seinkað; seinkunn (notað til þess að gefa til kynna að veðurskeyti hafi seinkað)
RWY	flugbraut

S

S	Suður, suðlægur
SA	Sand- eða moldbylur
SC	Flákaský
SE	Suðaustur
SG	Kornsnjór
SH	Skúrir eða él
SKC	Heiðskír himinn
SN	Snjócoma
SNSH	Snjóél
SPECI	Sérstök flugvallaveðurskeyti (veðrabrigðaskeyti)
SQ	Vindrokur (öflugur)
SSE	Suðsuðaustur
SSW	Suðsuðvestur
ST	Þokuský
SW	Suðvestur

T

TEMPO	Stundum
TEND	Skammtíma spá eða hneygist til (breytingaorð í skammtíma spá)
TS	Þrumuveður

TSGR Drumuveður með hagléli
TSSA Drumuveður samfara mold- eða sandbyl

V

VIS Skyggni
VRB Breytilegur

W

W Vestur, vestlægur
WNW Vestnorðvestur
WSW Vestsuðvestur
WX Veður

X

XX Þéttur, öflugur, kraftmikill (notað til þess að tilgreina vissa þætti veðursins, t.d. mikil rigning (skýfall) = XXRA eða XXSH)